

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi  
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland  
info@immi.is / http://www.immi.is



Umhverfis- og samgöngunefnd

22. Október 2014

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, veitir hér umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 28 (28. mál) á 144. löggjafarþingi.

IMMI fagnar því að fram er komin þingsályktunartillaga þess efnis að ríkisstjórnin vinni að aðgerðaráætlun til að tryggja jafnt aðgengi að netinu. Jafnt aðgengi að netinu er gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir alla borgara landsins og fyrirtæki. Þar sem internetið er orðið ómissandi uppspretta upplýsinga og vettvangur skoðanaskipta og félagatengsla verður ekki litið framhjá því að aðgangur að internetinu er partur af mannréttindum. Mikilvægi internetsins mun einungis aukast í framtíðinni ef litið er til þeirrar öru þróunar sem átt hefur sér stað undanfarinn rúman áratug.

Það er mikilvægt að vinna í anda hugmyndafræði nethlutleysis (e. net neutrality) sem varðar ekki aðeins jafnt aðgengi að netinu, heldur *jafnræði* á netinu. Það þýðir að það er ekki nóg að allir einstaklingar hafi aðgang að netinu, heldur er nauðsynlegt að jafnræðis sé gætt í því að allir hafi óskertan aðgang að öllum netþjónustum (svo sem vefsíðum) sem eru í boði, en einnig að allir hafi óskerta getu til að veita sína eigin netþjónustu. Áhersla skal lögð á að netveitur séu skilgreindar sem almennir burðaraðilar en ekki gagnaveitur, eins og kemur fram í ályktuninni og er útskýrt nánar þar.

Hugmyndafræði nethlutleysis er mjög mikilvæg fyrir þau mál sem IMMI setur á oddinn og varða upplýsinga- og tjáningarfrelsisumbætur. Einnig styrkir nethlutleysi vistkerfi internetsins sem nýleg þingsályktunartillaga um netvænt land kveður á um og í felast mikilvæg sóknarfæri fyrir Ísland, m.a er varðar hugvit, mannaúð, viðskipti og lýðræðisumbætur.

IMMI stofnunin lýsir sig reiðubúna til að senda sérfræðinga sína á fund nefndarinnar til að greina ítarlegar frá hugmyndafræði nethlutleysis og veita ráðgjöf sé eftir henni óskað.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson  
Framkvæmdastjóri IMMI